



## Fundargerð

377. fundur í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, var haldinn miðvikudaginn 10. október 2007, á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps kl. 14.00.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir nefnda.

- a) Fundargerð atvinnumálanefndar dags. 1.október 2007, fundargerð í þrem töluliðum. Endurskoðuð atvinnumálastefna fylgir með til afgreiðslu á fundinum.

“1.tl. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir ánægju sinni með endurskoðaða atvinnumálastefnu Vestur Barðastrandasýslu 2007-2011 og samþykkir hana fyrir sitt leyti. Þá telur hreppsnefnd mikilvægt að atvinnumálastefnunni verði dreift í prentuðu máli til íbúa Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, ásamt því sem haldinn verði kynningarfundur.”  
Samþykkt samhljóða.

3.tl. Samþykkt að skipa 3j manna starfshóp til undirbúnings stofnunar dvalarheimilis fyrir aldraða. Skipuð voru: Aðalsteinn Magnússon, Ása Jónsdóttir og Bjarni Andrésón, einnig mun oddviti starfa með hópnum. Fundargerðir atvinnumálanefndar samþykktar samhljóða.

- b) Fundargerð skólanefndar dags. 18.september 2007, fundargerð í sex töluliðum. Sigurvin Hreiðarsson vísar af fundi við afgreiðslu 3. tl. Samningur við verktaka, ESG veitingar vegna skólamáltíða samþykktur samhljóða. Fundargerðir samþykktar samhljóða.

- c) Fundargerð skólanefndar dags. 1.október 2007, fundargerð í fjórum töluliðum. Bréf oddvita, svar til Sambands íslenskra sveitarfélaga í samræmi við afgreiðslu nefndarinnar. 3. tl. vísar til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

- d) Fundargerð húsnæðisnefndar dags. 15.september 2007, fundargerð í tveim töluliðum. Samþykkt samhljóða.

- e) Fundargerð húsnæðisnefndar dags. 23.september 2007, fundargerð í þrem töluliðum. Samþykkt samhljóða.

- f) Fundargerð húsnæðisnefndar dags. 26.september 2007, fundargerð í einum tölulið. Samþykkt samhljóða.

#### 2. Bréf frá Ingólfi Kjartanssyni dags. 1.október 2007.

Með bréfinu biðst Ingólfur lausnar úr sveitarstjórn og öllum nefndum á vegum Tálknafjarðarhrepps, með vísan til 34. gr. Sveitarstjórnarlaga og 39. gr. samþykta um fundarskóp Tálknafjarðarhrepps. Beiðnin samþykkt samhljóða.



- 3. Nefndir Tálknafjarðarhrepps.**
  - Yfirferð og skipan nýrra einstaklinga þar sem við á.
  - Atvinnumálanefnd: Vignir Arnarson verður aðalmaður í stað Helgu Jónasdótturog Magnús Guðjónsson sem varamaður í stað Vignis.
  - Félagsmálaráð og húsnæðisnefnd: Bjarnveig gegnir störfum Ásdísar Auðunsdóttur í ársleyfi hennar.
  - Skólanefnd: Eygló Hreiðarsdóttir verður varamaður í stað Gestrúnar Sveinsdóttur.
  - Samþykkt samhljóða.
- 4. Beiðni frá nokkrum krökkum um skate-park.**

Samþykkt að vísa erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2008.
- 5. Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði.**

-Elísabet Þór Jóhannesdóttir  
Samþykkt samhljóða.
- 6. Samstarfssamningur á milli Vesturbyggðar og Tálknafjarðar um slökkvilið og brunavarnir.**

Hreppsnefnd Tálknafjarðar styður áfom um sameiningu slökkviliða Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Oddvita og slökkviliðsstjóra Tálknafjarðarhrepps falið að vinna málið áfram með Vesturbyggð. Stefnt skal að sameiningu ljúki fyrir áramótin 2007 – 2008. Samþykkt samhljóða.
- 7. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.**
  - a) Fundargerð Heilbrigðisnefndar dags.14.september 2007, fundargerð í 16 töluliðum. Fundargerðin staðfest.
  - b) Gerlasýni, Sundlaug Tálknafjarðar, lagt fram til kynningar.
  - c) Starfsleyfi Grunnskóla Tálknafjarðar, lagt fram til kynningar.
- 8. Samgönguráðuneytið bréf dags. 25.september 2007.**
  - Varðar Vestfjarðaveg 60, lagt fram til kynningar.
- 9. Menntamálaráðuneytið bréf dags. 21.september 2007.**
  - Vettvangsnám, innheimta gjalds. Lagt fram til kynningar.
- 10. Samband íslenskra sveitarfélaga.**
  - Fundargerð stjórnar dags.28.september 2007, lagt fram til kynningar.
- 11. Fjórðungssamband Vestfirðinga.**
  - Ályktanir 52. Fjórðungspings, sjá í bréfi slóð á netinu. Lagt fram til kynningar.
- 12. Landsskrifstofa Staðardagskrá 21 á Íslandi.**
  - Ráðgjöf vegna Staðardagskrár 21. Oddvita falið að hafa samband við Stefán Gíslason og kanna þá þjónustu sem býðst. Samþykkt samhljóða.
- 13. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.**
  - Haldin á Hotel Nordica 5. – 6.nóvember 2007.Lagt fram til kynningar.
- 14. Sparisjóður Vestfirðinga, stofnfjáreigendafundur.**

Oddvita var falið að fara með atkvæði Tálknafjarðarhrepps á fundinum, sem haldinn var á Þingeyri þann 9. október. Samþykkt samhljóða.



**15. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.**

Borist hefur umsókn um starf verkefnisstjóra Þróunarseturs og eflingu atvinnutækifæra í V-Barðastrandarsýslu. Samþykkt að fela oddvita í samráði við bæjarstjóra Vesturbyggðar að ganga til samninga við viðkomandi og gera starfslýsingu, ef um semst og sem lögð verði fyrir hreppsnefnd ásamt drögum að ráðningarsamningi.

**16. Önnur mál.**

Ekkert undir þessum lið.

Fleira ekki fyrir tekið, fundargerð borin upp og samþykkt samhljóða, oddviti sleit fundi kl. 15.55.

Eyrlín Ingibj. Sigþórsd.  
Eyrlín Ingibjörg Sigþórsdóttir

Bjarnveig Guðbr.  
Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Sigurvin Hreiðarson  
Sigurvin Hreiðarsson

Guðni J. Ólafsson  
Guðni J. Ólafsson

Bragi Geir Gunnarsson  
Bragi Geir Gunnarsson

Ása Jónsdóttir  
Ása Jónsdóttir